

Vaxtaþrep - skilmálar

Inn- og útborganir

Reikningurinn er ávallt opinn fyrir innborgunum og ekkert lágmark er á þeim. Hvert innlegg er bundið í 10 daga.

Hægt er að millifæra út af reikningnum í netbanka og í appi. Útborgun getur einnig farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttektar fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttektar. Umboðshafi skal sanna á sér deili með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

Vaxtatímabil

Vaxtatímabilið er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers mánaðar.

Þóknanir

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir.

Kjör og skilmálar

Reikningurinn er óverðtryggður innlánsreikningur með breytilegum vöxtum. Skilmálar þessir og kjör reikningsins eru háð ákvörðun bankans hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#).